



Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 30. maí 2025
One: 25011995

Efni: Ágrip. Vetrarmýri og Smalaholt í Garðabæ. Umsögn um deiliskipulag.

Lögð er fram til afgreiðslu umsögn skipulagsfulltrúa um deiliskipulag Vetrarmýri og Smalaholts í Garðabæ.

Deiliskipulag fjallar „um golfvöll í Vetrarmýri, íþróttæfingasvæði við Miðgarð, útivistarskóg í Smalaholti og náttúrugarð við Vífilsstaðavatn. Einnig fjallar skipulagið um umferðarmál á svæðinu og fest er lega framlengds Vífilsstaðavegar, Flóttamannavegar og Elliðavatnsvegar í breyttri legu. Fjallað er sérstaklega um umferðartengingar úr Hnoðraholti í Leirdalsop, þ.e. Vorbraut við Þorrasali. Sá kafli vegarins er tekinn út úr deiliskipulagi Hnoðraholts norður og færður inn í deiliskipulag það sem hér um ræðir. Leiðbeinandi lega stíga er ákvörðuð sem og staðsetning nýrra undirganga við Vífilsstaðavatn.“

Atriði sem varða hagsmuni Kópavogsbæjar í deiliskipulagi eru helst:

- Tengingar Vorbrautar við Arnarnesveg í Kópavogi um Þorrasali.
- Breytingar á Elliðavatnsvegi og Flóttamannavegi.
- Hringtorg við Vífilsstaðaveg endurbyggt norðar.

Niðurstaða skipulagsfulltrúa varðandi tillögu að deiliskipulagi er eftirfarandi:

Kópavogsbær gerir athugasemd við að deiliskipulagsáætlun verði samþykkt áður en að búið er að gera betur grein fyrir þeim jákvæðu og neikvæðu áhrifum sem tenging Vorbrautar við Þorrasali er líkleg til að hafa. Einnig bendir Kópavogsbær á eftirfarandi atriði sem áður hefur verið bent á í umsögnum Kópavogsbæjar:

- Kópavogsbær leggur áherslu á að góð vegtenging verði frá nýju hringtorgi við Vífilsstaðaveg, sem tengir Flóttamannaveg og Elliðavatnsveg við Reykjanesbraut og tenging Flóttamannavegar við Reykjanesbraut um Vífilsstaðaveg verði greiðfær.
- Kópavogsbær leggur áherslu á að hjólastígur verði meðfram Elliðavatnsvegi og Flóttamannavegi. Sérstaklega ef skiltaður hraði verður 50 km/klst.
- Að hönnun vegarins stuðli að því að ekki verði hröð umferð um vegin, til að stuðlað sé að öryggi vegfarenda og til að draga að einhverju leyti úr eftirspurn eftir veginum.

Lagt er til við skipulags- og umhverfisráð umsögn skipulagsfulltrúa verði samþykkt og vísað áfram til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst f.h. skipulagsfulltrúa,

Andrea Kristinsdóttir
Verkefnastjóri aðalskipulags



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

